

Olíudreifing ehf
Hólmahlóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 13.3.2023
UST202203-073/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Hvalfirði, geymir T2031 (nr. 2)

Umhverfisstofnun barst þann 29. desember 2022, þykktar- og segulsviðsmælingar á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Hvalfirði. Geymirinn hefur fastanúmerið T2031 og eigendanúmerið 312.02.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Miðsandi (Digralæk), Hvalfirði. Geymirinn er niður grafinn, standandi stálgeymir smíðaður árið 1968.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., þann 22. júní 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymirinn sé málaður að hluta að innan og sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu. Einnig kemur fram að gólf ásamt neðsta umfarinu sé ótært að innan.

Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
Teymisstjóri